

STAK-STEINAR

Heilagar kýr

Það er eilítið broslagt að horfa upp á handabakavinnubrögð Alþýðubandalagsins við kosningaráróður þessa daga. Mest kapp er lagt á það að fela slóð Alþýðubandalagsins meðan það sat í ríkisstjórn fyrir fáum árum. Þjóðviljinn reynir ekki að svara spurningum, sem brenna á vörum fólks: Hvers vegna sat Alþýðubandalagið í tveimur vinstri stjórn, árum saman, innan Nató og ramma varnarsamnings við Bandaríkin? Hvers vegna stóð Alþýðubandalagið að stjórnargjörðum eins og gengislækkun, sölu-skattshækkun og hækkun á verðjöfnunargjaldi raforku? Hvers vegna rauf vinstri stjórnin tengsl kaupgjaldsvísitölu

og launa, með vilja og samþykki Alþýðubandalagsins? Hvers vegna hóf þáverandi orkuráðherra Alþýðubandalagsins samninga við bandaríska fyrirtækið Union Carbide um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði í tengslum við Sigölduvirkjun? Hvers vegna stóðu ráðherrar og þingmenn Alþýðubandalagsins að 2ja ára samningum við Breta 1973, er hleyptu 139 brezkum togurum inn fyrir 50 míla landhelgismörkin? Þannig mætti lengi spyrja. En í stað þess að svara leggur Alþýðubandalagið nú kapp á að koma sér upp „heilögum kúm“ til að reka í kosningahagana. Eitt þessara klaufdýra flokksins nefnist „íslensk atvinnustefna“. Og því er m.a. stillt upp sem andstöðu „stóriðju-hugmynda“, sem Alþýðubandalagið segist nú berjast gegn.

Hver var stefna Alþýðubandalagsins í vinstri stjórn?

Hér að framan var dregin í dagsljósið sú staðreynd, að orkuráðherra Alþýðubandalagsins tengdi saman stórvirkjun (við Sigöldu) og orkufrekan iðnað (járnblendiverksmiðju í Hvalfirði). Hann stóð fyrir

viðræðum um sameign slíkrar verksmiðju með bandarísku stórfyrirtæki, Union Carbide. Það var upphaf járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði. Og miklu veldur sá sem upphafinu veldur segir máltækið.

Í umræðum um Kröfluvirkjun á Alþingi, 5. maí sl., varpaði Sighvatur Björgvinsson fram þeirri spurning: hvers vegna Magnús Kjartansson orkuráðherra í vinstri stjórn, stefndi í senn að Kröfluvirkjun, en lögin um þá virkjun voru sett í hans ráðherratíð, og lönlögn norður frá stórvirkjunum á Þjórsársvæði, þrátt fyrir að slíkt hefði leitt til umframboðs á raforku (að dómi Sighvats). Og Sighvatur vitnar til þingræðu Magnúsar Kjartanssonar, orkuráðherra Alþýðubandalagsins, sem birt er í 13. hefti alþingistíðinda 1973—1974, bls. 1876, sem varpar ljósi á þáverandi stefnu Alþýðubandalagsins, meðan það var innan ríkisstjórnar. Hvað kemur í ljós þegar gluggað er í heimildir þingtíðinda?

„Aðstæður hentugar á Norður- og Austurlandi“


Sighvatur hefur eftir orkuráðherra Alþýðubandalagsins: „Háttvirtur

þingmaður (Halldór Blöndal) minnst á, hvort það væri stefna ríkisstjórnarinnar (vinstri stjórnarinnar) að ekki skyldi rísa stóriðnaður á Norðurlandi, ekki orkufrekar iðnaður. Því fer mjög fjarri. Ég tel það vera ákaflega mikilvægt atriði, að meiri háttar fyrirtæki af slíku tagi, þ.e.a.s. stóriðju, rísi, ekki aðeins hér á Suðvesturlandi, heldur einnig á Norðurlandi og Austfjörðum þar sem aðstæður eru vissulega hentugar...“ Þannig hljóðaði stefnuýfirlýsing Alþýðubandalagsins í þessum efnunum, eins og Sighvatur Björgvinsson, eða tilvitnun hans í orð orkuráðherra Alþýðubandalagsins, ber ljósan vottinn um.

Síðan kemur þessi tvíáttá vinstri flokkur, sem hefur tungur tvær í hverju máli, og segist hinn eini og sanni andstöðingur „stóriðju“ á Íslandi. Nú er ekki lengur „ákaflega mikilvægt“ að „meiri háttar fyrirtæki af slíku tagi“ rísi „ekki aðeins á Suðvesturlandi, heldur einnig á Norðurlandi og Austfjörðum...“ Eða verður það e.t.v. mikilvægt innan ríkisstjórnar, sem henta þykir að mæla gegn utan stjórnar og fyrir kosningar? Alþýðubandalagið getur að vísu gert sér „heilagar kýr“, en hætt er við að hinn almenni kjósendi hleypi þeim ekki í bithaga sína.



LEGO®
ferðafélagi barnanna



NÚ STANDA yfir tvær myndlistarsýningar á Kjarvalsstöðum og eru það Sigurður Örlygsson og Hörður Karlsson sem þar sýna. Var aðsókn um helgina nokkuð góð að sögn Sigurðar, en sýningunum lýkur 21. maí. Er þær opnar daglega kl. 16—22.

Á sýningu Harðar Karlssonar eru 54 verk sem öll eru máluð á síðustu tveimur árum. Nefnir Hörður sýninguna Fjórar árstíðir og eru fjórar myndanna með nöfnum þeirra, en aðrar nafnlausar, en listamaðurinn segir að efniviður þeirra sé sóttur til árstíðanna eigi að síður, og gestir geti sjálfir ráðið við sig hvaðan hvert efni er sótt.

Hörður Karlsson fór tvítugur til Bandaríkjanna og hóf þar listnámið. Er hann nú forstöðumaður myndsmíðadeildar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Hann hefur teiknað fjölda



Sigurður Örlygsson hjá einu verka sinna. Ljós. Rax

2 myndlistarsýningar á Kjarvalsstöðum

frímerkja og árið 1961 varð hann hlutskarpastur ásamt samverkamanni sínum í samkeppni sem Póststjórn Sameinuðu þjóðanna gekkst fyrir um frímerki til heiðurs Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Þá bar hann sigur úr býtum í frímerkjamkeppni Póst- og símamálaráðs Evrópu og var merkið gefið út í

sextán Evrópulöndum. Hörður hefur síðan á árinu 1958 haldið nokkrar einkasýningar bæði í Reykjavík og erlendis og hann hefur tekið þátt í hópsýningum í Washington og nágrenni.

Á sýningu Harðar eru einnig verk eftir bróður hans Snorra Karlsson,

en það eru tálgur, sem hann nefnir svo.

Sigurður Örlygsson sýnir 43 verk en þau hefur hann málað flest á þessu ári og sagðist hann eiginlega hafa unnið þau að mestu á tveimur mánuðum, í tveimur lotum.

Sigurður Örlygsson stundaði nám í Myndlista- og handíðaskólanum í 4 ár og dvaldi síðan í Danmörku í 1 ár og Bandaríkjunum í 1 ár. Hann hefur haldið fimm einkasýningar í Reykjavík og eina á Akureyri og eina á Egilsstöðum. Sigurður sagði að þetta væri í fyrsta sinn eftir 3ja ára hlé sem hann færi að mála, myndir hans hefðu einkum verið klipptar þessi ár, en þó væri sýningin nokkuð blönduð að þessu leyti. Sagði hann aðalviðfangsefnið nú vera ýmis form er hann ynni á hvítum grunni og bætti síðan við litum og þróaði á ýmsa vegu. Vildi hann nefna sýninguna reglu og rugling.

— Nokkrar myndanna hefi ég sýnt áður, sagði Sigurður, en ég tel mig nú hafa bætt þær nokkuð og vona ég að mér hafi tekizt að ná úr þeim helztu göllumum.



Hörður Karlsson (sitjandi) og Snorri Karlsson.

TILBOÐ frá HÚSAVÍK til þeirra sem hyggja á fundaða ráðstefnuhald

verð frá 26.324



Fundarstaður: Hótel Húsavík
Tímabil: Fram að 15. júní og eftir 30. ágúst
Tímalengd: Tveir sólarhringar
Fjöldi þátttak.: 10 - 100 manns
Verð: Kr. 26.324.-* og 28.828.-** á mann
Innifalið í verði: Flugferðir til og frá Húsavík. Flutningur milli flugvallar og Hótel Húsavíkur. Gisting og fullt fæði. Afnot af fundarsölum og hjálpartækjum.

* Málsverðir í veitingabúð ** Málsverðir í veitingasal.

Hótel Húsavík er löngu landsþekkt fyrir vandaða og góða þjónustu. Þar eru 34 herbergi, veitingasalur og veitingabúð, notalegur bar og setustofa. Einnig er á staðnum sundlaug og sauna.

Húsavík er fríðsæll kaupstaður í nánd við víðfrægar ferðamannaslóðir. Þaðan er auðvelt að fara í stuttar skoðunarferðir. Hér er því kjörð tækifæri fyrir þá sem vilja sameina skemmtun og starf.

HÓTEL HÚSAVÍK

Húsavík Simi 96 41220 Simnefni: Hotelhusavik Telex 2152 fyrir HH